

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 125 5. mars 1979 um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu.

1. gr.

4. gr. orðist svo: Lágmarksmöskvastærð rækjuvarpna skal vera 45 mm í vængjum aftur að fremsta horni efra byrðis en 36 mm í öðrum hlutum rækjuvörpunnar.

2. gr.

8. gr. orðist svo: Við veiðar með botnvörpum og flotvörpum samkvæmt 4.–5. gr. er heimilt að nota hlífðarpoka utan um pokann sjálfan. Lágmarksmöskvastærð slíks hlífðarpoka skal vera 80 mm sbr. 6. gr.

Þegar notaður er hlífðarpoki sbr. 1. mgr. við rækjuveiðar innan grunnlínu, sbr. reglugerð nr. 299/1975 um fiskveiðilandhelgi Íslands, er óheimilt að binda fyrir hlífðarpokann að aftan. Ennfremur óheimilt við allar rækjuveiðar að nota net eða hvaðeina til þéttingar poka að aftan.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli, jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 552 2. september 1982, um breyting á reglugerð nr. 125 5. mars 1979, um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. júlí 1984.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um reykköfun og reykköfunarbúnað.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til reykköfunar hjá slökkviliðum á öllu landinu, bæði hvað varðar búnað reykkafara, menntun þeirra, þjálfun og almennt öryggi við reykköfun.

Með reykköfun er í þessari reglugerð átt við athafnir í reykfylltu rými til björgunar á fólki úr eldsvoða eða vegna slökkvistarfs, þar sem loft undir þrýstingi er notað til öndunar.

Brunamálastofnun ríkisins hefur yfirumsjón með framkvæmd reglugerðar þessarar, en sveitarstjórn og slökkviliðsstjóri fara með framkvæmd hennar, hver í sínu umdæmi.

2. gr.

Seljandi búnaðar fyrir reykköfun er skyldur að afla upplýsinga um eiginleika búnaðarins með hliðsjón af viðurkenndum stöðlum og rannsóknaraðferðum og láta Brunamálastofnun ríkisins þær í té.

Leggja skal fram tilskilin vottorð frá óháðum aðila, sem Brunamálastofnun ríkisins samþykkir.

Á grundvelli framlagðra gagna tekur Brunamálastofnun ákvörðun um hvort viðurkenna skuli búnaðinn til notkunar.

3. gr.

Seljandi reykköfunarbúnaðar skal ætíð hafa á boðstólnum nægar birgðir af varahlutum. Fara skal stranglega eftir leiðbeiningum framleiðanda svo sem um hámark leyfðs notkunar tíma einstakra hluta tækjabúnaðarins.

Búnaðinn skal skoða og lagfæra eftir sérhverja notkun og minnst einu sinni árlega skal fara fram rækileg yfirferð á öllum tækjabúnaðinum. Á minnst tveggja ára fresti skal fara fram skoðun á reykköfunartækjunum hjá viðurkenndri prófunarstöð.

Allar nauðsynlegar leiðbeiningar um reykköfunarbúnaðinn skal þýða á gott íslenskt mál, er fylgi búnaðinum við sölu. Seljendur reykköfunartækja skulu kynna reykköfurum slökkviliða meðferð tækjanna og hvernig þeim skuli haldið við.

4. gr.

Koma skal á fót prófunarstöðvum með fullnægjandi búnaði fyrir þau reykköfunartæki, sem hlotið hafa viðurkenningu. Rekstur og búnaður prófunarstöðvanna er háður eftirliti Brunamálastofnunar ríkisins. Brunamálastofnunin hefur aðgang að spjaldskrá er hafa skal yfir öll tæki, sem í notkun eru á landinu. Reykköfunartæki skulu hafa skráningarnúmer, sem fylgi tækinu meðan það er í notkun.

Prófunarstöðin skal hafa öðlast viðurkenningu Brunamálastofnunar ríkisins. Viðgerðarmaður á prófunarstöð skal hafa sérþekkingu á og reynslu í meðferð og notkun reykköfunartækja.

Eftirlitsmaður Brunamálastofnunar ríkisins má innsigla reykköfunartæki, sem óhæf eru til notkunar eða þarfnast viðgerðar. Tafarlaust skal senda búnaðinn til prófunarstöðvarinnar og enginn má rjúfa innsiglið nema fulltrúi stofnunarinnar eða viðgerðarmaður á prófunarstöð.

5. gr.

Reykköfunarbúnað skal ávallt geyma í góðu húsnæði og á þurrum stað, í lokuðum skáp, í góðum töskum eða á annan jafngóðan hátt.

Loftþjappa skal vera á þurrum og ryklausum stað, þar sem loftræsting er góð. Loft, sem sett er á hylki reykköfunartækja, skal vera hreint og ómengað.

Loftþjappa fyrir öndunarloft skal vera búin síum og skiljum, er hreinsi raka, olíu og önnur óhreinindi í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi, þannig að öndunarloftið innihaldi ekki meira af skaðlegum efnum, heldur en svarar til eftirfarandi rúmmálshlutfalla, mælt við eina loftþyngd (1000 millibör):

Co ₂ koltvíldi	300 ppm
Co kolilti	10 ppm
NO+NO ₂ köfnunarefnisilti	0,5 ppm
Olía og rykagnir	2 mg/m ³

(pp — fjöldi efnisagna í hverri milljón agna).

Þjappan skal búin kælibúnaði til að draga úr myndun hættulegra efnasambanda við hita. Allar rafdrifnar lágþrýstiloftþjöppur skulu vera búnar afslætti á þjöppu en ekki drifmótor. Sogrör véldrifinnar loftþjöppu skal vera þannig að engar líkur séu á því, að hún geti dregið að sér útblástursloft aflvélarinnar.

Loftþjappa, uppsetning og aðstaða, skal vera viðurkennd af Brunamálastofnun ríkisins.

6. gr.

Brunamálastofnun ríkisins gengst fyrir námskeiðum í reykköfun. Brunamálastofnunin setur nánari reglur um framkvæmd og tilhögun reykköfunarnámskeiða og ákveður um þau starfsréttindi, sem námskeiðin kunna að veita.

Pátttakandi, sem lokið hefur reykköfunarnámskeiði fær sérstakt viðurkenningarskjal og/eða prófskírteini.

Pátttakendur í reykköfunarnámskeiðum á vegum Brunamálastofnunar ríkisins skulu slysatryggðir af vinnuveitanda, hafa til umráða hlífðarfatnað til reykköfunar af viðurkenndri gerð og leggja fram læknisvottorð um heilbrigði sitt og færni.

7. gr.

Reykkafari skal fara árlega í sérstaka lækni skoðun. Setja skal nánari reglur um lækni skoðun og heilbrigðisvottorð í samráði við landlækni.

Skírteini um starfsréttindi í reykköfun, sem veitt eru samkvæmt ákvæðum 6. greinar, skal endurnýja eigi sjaldnar en á 5 ára fresti. Þá skal leggja fram tilskilin vottorð um heilbrigði og færni, ásamt vottorði frá slökkviliðsstjóra að æfingarskyldu hafi verið fullnægt.

8. gr.

Verklegar æfingar í reykköfun hjá slökkviliðum skulu vera minnst 25 klst. á hverju ári. Reykkafarar geta sótt æfingar hjá öðrum slökkviliðum, náist um það samkomulag. Slökkviliðsstjóri skal halda skrá um æfingar fyrir reykkafara.

Ofangreind ákvæði um reykköfunaræfingar breyta í engu almennri æfingarskyldu samkvæmt 7. grein brunamálalaganna nr. 74/1982.

9. gr.

Við reykköfun á eldstað skal m. a. gæta eftirfarandi öryggisatriða, eftir því sem framast verður við komið:

- að reykköfunartæki og allur búnaður sé í fullkomnu lagi
- að hlífðarfatnaður reykkafara verji hann á fullnægjandi hátt gegn eitruðum efnum, lofttegundum og hita, samkvæmt bestu vitneskju sem fyrir hendi er hverju sinni
- að eigi fari færri en tveir reykkafarar saman inn í reyk haf nema í ítrustu neyð
- að reykkafari sé ætíð í góðu talsambandi við stjórnanda björgunar- og slökkvistarfsins og sömuleiðis við þá reykkafara sem með honum starfa.

10. gr.

Ákvæði til bráðabirgða:

Þeir sem stundað hafa reykköfun í slökkviliði í 2 ár eða lengur, þegar reglugerð þessi tekur gildi, halda þeim starfsréttindum og geta fengið skírteini Brunamálastofnunar ríkisins þar að lútandi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 74 frá 12 maí 1982 um brunavarnir og brunamál, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. júlí 1984.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.